



Akureyrarbær

Heiðursviðurkenning Menningarsjóðs Akureyrar 2022

Aðalsteinn Bergdal er fæddur á fullveldisdaginn 1. desember 1949. Frá unga aldri hefur hann verið handgenginn listagyðjunni og þá einkum í leiklist. Tólf ára gamall hóf hann að spila í unglíngahljómsveitum og fór víða um land til dansleikjahalds fram undir tvítugt. Leiklistarferill Aðalsteins hófst árið 1967 og spannar því 53 ár.

Hann hefur látið mjög til sín taka á fjöllum leikhúsanna, leikið í þónokkrum sjónvarps- og bíómyndum, talað inn á ríflega 600 teiknimyndir og þá var hann samfleytt í 11 ár í „Stundinni okkar,“ barnatíma sjónvarpsins, og svo mætti lengi áfram telja. Ekki má heldur gleyma því sem Aðalsteinn kallar hliðarsjálfi sitt, Skralla trúði, sem hefur fylgt okkar manni allt frá árinu 1974. Þegar Skralli náði 45 ára aldri árið 2019 var ákveðið að þetta væri orðið gott og hefur lítið frá honum heyrst síðan.

Á leikhúsfjölnum hefur Aðalsteinn tekið þátt í uppfærslu á annað hundrað verka, bæði norðan og sunnan heiða. Hann hefur leikið með Leikfélagi Akureyrar, Leikfélagi Reykjavíkur og Þjóðleikhúsinu, en að auki Alpýðuleikhúsinu, Garðaleikhúsinu og fleiri leikfélögum. Þá hefur hann leikstýrt áhugaleikfélögum sunnan og norðan heiða – alls 24 sýningum.

Hér er aðeins fátt eitt talið af litríkum og farsælum ferli Aðalsteins Bergdal sem hlýtur heiðursviðurkenningu Menningarsjóðs árið 2022 fyrir fjölbreytt og mikilsvert framlag til menningarlífs á Akureyri.